



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

### Upplýsingar frá umboðsmanni barna á Íslandi varðandi framkvæmd BSSÞ 12. september 2002

Í upphafi vil ég leyfa mér að þakka fyrir þetta tækifæri til að vekja athygli barnaréttarnefndarinnar á nokkrum atriðum varðandi málefni barna á Íslandi í tengslum við 2. skýrslu íslensku ríkisstjórnarinnar til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd samnings SP um réttindi barnsins, hér á landi.

#### I.

Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum nr. 83/1994. Umboðsmaður barna heyrir stjórnskipulega undir forsætisráðuneytið, sbr. nánar meðfylgjandi lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 og bækling um starfshætti umboðsmanns barna.

Frá því að ég hóf störf sem fyrsti umboðsmaður barna á Íslandi 1. janúar 1995 hafa embætti mínu borist stöðugt fleiri erindi og fyrirspurnir frá fullorðnum sem börnum varðandi mannréttindamál barna á öllum sviðum samfélagsins.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um hækkun fjárveitinga til embættisins svo unnt verði að sinna öllum þeim verkefnum, sem við blasa, hefur fjárveitingavaldið ekki tekið hækkunarbeiðni mínar til greina. Allt frá árinu 1996 hefur auk mín einungis starfað einn fastráðinn sérfræðingur (100%) og skrifstofumaður(85%). Vinnuálagið hefur því verið gífurlegt enda jafnframt um brautryðjendastarf að ræða. Fjárveitingu til embættisins hefur allt frá stofnun þess verið settar þröngar skorður.

Samkvæmt fyrrnefndum lögum ber mér, sem umboðsmanni barna, að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu, fyrir 1. september ár hvert, um störf mín á liðnu almanaksári. Skýrsla ársins 2001 er þessa dagana að koma úr prentun.

Í skýrslu 1995 kemur fram að alls voru skráð hjá embættinu á fyrsta starfsári þess 356 erindi. Í skýrslu fyrir árið 2001 kemur fram að nýskráð erindi hjá embættinu voru alls 1100. Þessi fjöldi gefur góðar vísbendingar um umfang starfs míns og álagið á fámennri skrifstofu embættis. Mörgum erindum er svarað samdægurs með margvíslegum ráðum og leiðbeiningum, en önnur getað tekið langan tíma í vinnslu og teygt anga sína í hinar ýmsu áttir. Í þessu sambandi get ég nefnt sem dæmi, umfjöllun mína og aðgerðir varðandi einelti í skólum, en þegar ég tók þetta efni upp á opinberum vettvangi á árinu 1996, brugðust mjög margir skólamenn ókvæða við og könnuðust engan veginn við vandamálið. Nú hefur verið viðurkennt að einelti er alvarlegt vandamál sem ber að taka föstum tókum.

Framangreindar skýrslur umboðsmanns barna eru gefnar út í bókarformi og sendar mjög víða, m.a. til alþingismanna, ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana og frjálsra félagasamtaka. Þær er einnig hægt að kynna sér á heimasíðu embættisins, en því miður einungis á íslensku – enn sem komið er.

#### II.

Ég hefði svo sannarlega kosið að geta sent barnaréttarnefndinni sérstaka skýrslu mína um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þ.e. eins og málin blasa við mér sem umboðsmanni barna á Íslandi. Með vísan til þess sem fram er komið í l. kafla get ég, því miður, einungis stiklað á stóru varðandi nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að koma á framfæri við barnaréttarnefndina.

Víða blasir við í íslensku samfélagi að hagsmunir hinna fullorðnu eru teknir fram yfir hagsmuni ungu kynslóðarinnar, ekki síst í þeim tilvikum þegar hagsmunir þessir skarast og það vill gjarnan gleymast að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi sem ber að virða, sbr. 3.gr. BSSP. Þótt margt hafi áunnist á liðnum árum er enn lagt í land með að tryggja sérhverju barni þann rétt sem því ber. Á það ekki síst við framkvæmd ýmissa laga.

III.

**Ráðstafanir í samræmi við ákvæði samningsins  
(b) Heildarsamræming á stefnumótun um málefni barna ...  
Kynning á samningnum  
(55.-61.)**

Umræða um efni Barnasáttmálans hefur verið lítil hér á landi, en þó aukist á síðari árum. Skoðun mín er sú, að kynningu stjórnvalda á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, BSSP, sé almennt áfátt hér á landi, jafnt meðal barna sem og fullorðinna, þ. á m. opinberra starfsmanna. Til fróðleiks má geta þess, að í kjölfar erindis, sem mér barst frá UNICEF á árinu 2000 sendi ég fyrirspurn til Hæstaréttar Íslands og allra héraðsdómstóla og óskaði upplýsinga um áhrif Barnasáttmálans á dómaframkvæmd hér á landi. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að afar sjaldgæft er að vísað sé til eða byggt á ákvæðum BSSP fyrir íslenskum dómstólum í málum sem varða börn.

Í þessum efnum beinast þó áhyggjur mínar ekki síst að starfsháttum margra sveitarstjórna, störfum nefnda og ráða, sem sveitarstjórnir kjósa, og starfsmönnum sveitarfélaga, sem sinna fjölmörgum verkefnum er varða börn og þeirra nánasta umhverfi. Af ábendingum sem mér hafa borist verður ekki annað ráðið en talsvert vanti t.d. upp á að 3. og 12. gr. BSSP séu í heiðri hafðar við meðferð mála, sem varða börn, innan stjórnslu ýmissa sveitarfélaga.

Ég tel að að kynna þurfi efni BSSP mun betur af hálfu stjórnvalda en nú er raunin – mjög lítið fræðsluefni er til um þennan mikilvæga samning, á íslensku, og úr því þarf að bæta. Halda þarf reglulega námskeið fyrir þá, sem starfa á, vegum hins opinbera að málefnum barna, um efni sáttmálans og hvernig honum verður beitt í framkvæmd. Í því sambandi væri hollt að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga, sem gjörþekkja efni BSSP, og halda hér fyrirlestra.

Alltof mörg börn á Íslandi þekkja lítið sem ekkert til efnis BSSP og tel ég það með öllu ótækt. Raddir barna þurfa að eiga greiðari leið inn í samfélagsumræðuna á Íslandi. Þess vegna verður að upplýsa þau og fræða um réttindi sín (og skyldur); það þarf sömuleiðis að kenna þeim muninn á réttu og röngu. Þá þarf að útskýra fyrir þeim af hverju reglur eru settar og hvaða gildi þær hafa. BSSP gegnir þýðingarmiklu hlutverki á þessu sviði. Til að börn verði upplýstir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar þurfa þau á þessum upplýsingum og fræðslu að halda.

**Hugtakið barn  
(92.-110.)**

Á Íslandi hefur á umliðnum árum ýmislegt áunnist í réttindamálum barna. Þar á embætti umboðsmanns barna töluverðan hlut að máli, sbr. til fróðleiks meðfylgjandi lista yfir mál, sem umboðsmaður barna hefur haft afskipti af á einn eða annan hátt. Oftar en ekki hefur verið á brattann að sækja til að ná fram breytingum til hagsbóta fyrir börnin. Nokkur mál hafa mætt hreinni andstöðu eða viljaleysi af hálfu yfirvalda.

Í íslenskri löggjöf er nokkuð um misræmi varðandi aldursmörk barna. Sem dæmi má nefna að barnabætur eru einungis greiddar foreldrum þar til barn nær 16 ára aldri þótt forsjá foreldra með börnum sé til 18 ára aldurs barns. Börn eru hins vegar sjálfstæðir skattaðilar hér á landi frá 16 ára aldri. Þá er í sumum lögum miðað við fæðingarár en í öðrum fæðingardag barns.

Til mín hafa borist ábendingar frá börnum og unglíngum, sem telja mikið ósamræmi og óréttlæti viðgangast hjá hinum ýmsu stofnunum félögum og fyrirtækjum hér á landi í afstöðu þeirra til þess, hvenær einstaklingur telst vera barn. Þessir umbjóðendur mínir hafa nefnt að gjöld fyrir ýmiss konar þjónustu, svo sem fargjöld með almenningsvögnum og flugvélum svo og einnig verð fyrir ýmsa afþreyingu svo sem miðaverð á íþróttakappleiki, í leikhús og á kvikmyndasýningar miðist gjarnan við 12 ára aldur þeirra, þ.e. frá 12-13 ára aldri séu þau krafín um sömu gjöld og sama verð og fullorðnir. Ég hef tekið undir þessar ábendingar umbjóðenda minna og m.a vakið athygli Alþingis á þeim, enda er ég þeirrar skoðunar að í okkar nútímasamfélagi sé brýnt að auka sem mest á samheldni og samveru foreldra og barna. Eitt af því sem gæti stuðlað að slíku, er að gera öllum foreldrum og börnum kleift, að njóta tómtunda saman í meira mæli, t.d. að fjölskyldur geti farið saman á hina ýmsu viðburði sem í boði eru, án þess að þurfa að borga offjár fyrir slíkt. Sú venja sem nú viðgengst að miða fullorðinsgjald oftast við 12 ára aldur, skapar ójafnræði meðal barna vegna mismunandi fjárhagsstöðu foreldra og því í ósamræmi við 2. gr. BSSþ.

### **Hugtakið barn**

#### **(b) Hagsmunir barnsins í fyrirrúmi (3.gr.)**

#### **118.-122. (d)Virðing fyrir sjónarmiðum barnsins (12. gr.)**

Í viðtölum mínum við börn kemur það iðulega fram að þau telja að lítið sé á þau hlustað áður en ákvarðanir eru teknar í málum sem snerta þau. Hérlandis hefur engin rannsókn verið gerð á vægi sjónarmiða barna við ákvarðanatökur í málum, sem þau varða, t.d. í forsjárdeilumálum og barnaverndarmálum. Börnum finnst oft og iðulega að afstaða þeirra skipti engu máli.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að barn eigi að geta leitað, eitt og sér, aðstoðar á vegum hins opinbera, ekki síst þegar eitthvað bjátar á í einkalífi þeirra, og þau geta ekki eða vilja ekki ræða við foreldra sína. Um þetta eru skiptar skoðanir hérlandis og sýnist sitt hverjum. Í nýjum barnaverndarlögum, nr. 80/2002 er t.d. ekki kveðið á um þennan sjálfstæða rétt barns, og hef ég gagnrýnt það. Í gegnum árin hafa ábendingar m.a. varðandi starfshætti barnaverndarnefnda, verið fyrirferðarmiklar hjá embætti mínu. Á grundvelli þessara ábendinga kom ég á framfæri við nefndina, sem samdi hin nýju barnaverndarlög, ýmsum tillögum til úrbóta á sviði barnaverndar. Fjöldi nýmæla er að finna í núgildandi lögum og eiga þau mörg rætur að rekja til fyrrnefndra tillagna minna.

Viðhorf barns skiptir máli, það á rétt á að tjá sig og á það ber a hlusta, sbr. 12. gr. BSSþ. Það getur verið flókið mál að leita eftir viðhorfi barns og reyna að skynja tilfinningar þess og vilja. Stundum þarfnast barnið því aðstoðar sérstaks talsmanns til þess að koma sjónarmiðum sínum og skoðunum á framfæri. Í barnaverndarlögum. er að finna ákvæði um talsmann barns og sömuleiðis í barnalögum frá 1992, en þar segir, að skipa megí barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Þessu síðargreinda lagaákvæði hefur, samkvæmt upplýsingum, sem fram komu á Alþingi Íslendinga, aldrei verið beitt hvorki við málsmeðferð hjá hlutaðeigandi ráðuneyti né fyrir dómstólum, á þeim rúma áratug sem það hefur verið í gildi.

Réttur barna til að mega tjá sig og að á þau sé hlustað, sbr. 12. gr. BSSþ, ereins og kunnugt er - ekki einungis bundinn við persónuleg málefni, heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins og þá fyrst og fremst þeirra málefna er varða nánasta umhverfi barnanna og þau þekkja af eigin raun, s.s. ákvarðanir varðandi skólustarf, tómtundir, forvarnastarf og skipulag íbúðahverfa. Rökin eru þau að ákvarðanir sem þessar beinast að börnunum sjálfum, lífsskilyrðum þeirra og velferð. Þess vegna er nauðsynlegt, til að unnt sé að hafa að leiðarljósi 3. gr. BSSþ, að fá fram sjónarmið barna; þau eru hinir eiginlegu sérfræðingar og til slíkra er yfirleitt leitað áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Það

liggur því í hlutarins eðli að til að unnt sé að taka slíkar ákvarðanir þurfa yfirvöld að leita eftir skoðunum barnanna sjálfra og taka tillit til þeirra. Hvorki í lögum um grunnskóla né sveitarstjórnarlögum er að finna ákvæði sem tryggir börnum þessi „lýðræðisréttindi“. Þess vegna má segja að það sé undir „velvild“ þeirra, sem stjórna á hverjum stað, hvort börn fái yfirhöfuð tækifæri til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi. Sem umboðsmaður hef ég margsinnis hvatt sveitarfélögin í ræðu og riti til að leita leiða í þessum efnum og uppfylla þannig skyldur sínar samkvæmt BSSP. Þá hef ég reynt ýmsar aðferðir til að fá fram skoðanir umbjóðanda minna og gera þær opinberar; efnt hefur verið til skoðanakannana (2) meðal nemenda, málþing (3) hafa verið haldin á mismunandi stöðum á landinu, börn á aldrinum 12-17 hafa verið ræðumenn, en við pallborðið hafa setið m.a. ráðherrar, alþingismenn og bæjarstjórnar/-fulltrúar og börnin hafa ein mátt spyrja spurninga, sérstök ráðstefna var haldin um efni sem liggur þungt á börnum, þ.e. um einelti – þátttakendur voru 80 börn og 50 fullorðnir. Þá hef ég hleypt af stokkunum, í tvígang, Netþingi – þar sem 63 þingfulltrúar (jafnmargir þingmönnum á Alþingi) hafa rætt saman í nefndum um hin ýmsu málefni. Skýrsla hefur verið gefin út um seinni Netþingið, m.a. á ensku, sjá [www.barn.is/utgafa](http://www.barn.is/utgafa). Einnig hafa verið gefnar út skýrslur með niðurstöðum framangreindra kannana, málþinga og ráðstefnu um einelti. Ég hef kynnt þessar skýrslur mjög víða, fyrir alþingismönnum, starfsfólki ráðuneyta, frjálsum félagasamtökum, sem og einstaklingum, börnum og fullorðnum.

### **Fjölskyldumálefni**

#### **(b) Foreldrarábyrgð (18.gr. 2málgrein) 220.**

Í ljósi þeirra fjölda mörgu erinda og fyrirspurna, er mér hafa borist allt frá árinu 1995, hef ég ítrekað bent á brýna nauðsyn þess að komið yrði á fót ráðgjöf fyrir fólk, sem á við erfiðleika að etja í sambúð eða hyggt sækja um skilnað. Ég hef margsinnis hvatt til þess að sett verði á stofn opinber, þverfagleg fjölskylduráðgjöf, sem fengi það hlutverk að aðstoða foreldra, er hafa í hyggju að skilja eða slíta sambúð. Það hefur einnig verið mín afdráttarlaus skoðun að slíka ráðgjöf ætti að veita börnum, sem hlut eiga að máli. Ég hef lagt til að hjón eða sambúðarfólk, með börn yngri en 18 ára á framfæri sínu yrði gert skylt að leita slíkrar ráðgjafar áður en til skilnaðar eða sambúðarslita gæti komið. Þegar miklir erfiðleikar steðja að fjölskyldunni, hafa börn ekki síður þörf fyrir að ræða við einhvern, sem þau geta treyst. Ég tel það nauðsynlegt og sjálfsagt, að rætt sé við börnin strax í upphafi til að hægt sé að komast að því hvað sé þeim raunverulega fyrir bestu.

Tilgangur slíkrar ráðgjafar, er að mínu mati, fyrst og fremst sá, að hafa fyrirbyggjandi áhrif. Að grípa inn í aðstæður, áður en barnið hlýtur of mikinn skaða af. Í því tilfinningaróti, sem skilnaðir eða sambúðarslit hafa í för með sér fyrir foreldra, vilja börnin oft gleymast og verða jafnvel bitbein foreldra sinna. Með því að ræða við alla fjölskylduna í upphafi má vafalaust draga úr þeim áhrifum, sem erfiðar forsjár- og umgengnisdeilur hafa á börn. Umdeilt er hér á landi, hvort börn geti yfirhöfuð leitað ráðgjafar, sem þessarar, án samþykkis foreldra. Ég er þeirrar skoðunar að það sé í andstöðu við BSSP að láta rétt barns til tjáningar í þessum málum ráðast af vilja foreldra.

### **Fjölskyldumálefni**

#### **(f) Börn sem ekki njóta fjölskyldu sinnar (20.gr.) 236.-238.**

Á Íslandi hefur það lengi tíðkast að börnum sé komið í fóstur allt þar til þau verða sjálfráða. Eins og framkvæmdinni er háttað má segja að þessi ráðstöfun líkist fremur ættleiðingu en varanlegu fóstri barns til 18 ára aldurs þess. Þó með þeirri undantekningu að börnin njóta ekki þeirra lagalegu réttinda sem ættleiðingu fylgja.

Ekki verður varist þeirra hugsun, eins og framkvæmdinni er og hefur verið háttað, að með fóstri sé ætlunin að skera á öll blóðtengsl barns við upprunafjölskyldu, þar sem umgengni fósturbarna við kynforeldra hefur alla tíð verið afar takmörkuð hér á landi; þ.e. einu sinni/tvisvar á ári í eina/tvær klst

í senn. Í sumum tilvikum nýtur barn enngar umgengni við kynforeldra sína, hvað þá systkin sín eða afa og ömmu. Ég hef gagnrýnt þetta fyrirkomulag og hvatt til umræðu um markmið fósturs og réttarstöðu fósturbarna enda tel ég þessa starfshætti fara í bága við 3. mgr. 37. gr. BSSþ.

Hérlandis ber barnaverndarnefndum, sem koma barni í fóstur, að hafa eftirlit með fósturbarni. Ég hef haldið því fram að þetta eftirlit væri engan veginn nógu markvisst og lagt til að að settar verði nánari reglur um framkvæmd þessa eftirlits. Ég tel brýnt að eftirlitið beinist sérstaklega að barninu sjálfu; að ræða þurfi við það sjálf um líðan þess á fósturheimilinu og samskipti þess við fósturforeldra og aðra, er á heimilinu búa. Markmiðið verði að komast að því hvort ráðstöfunin hafi verið og sé enn barninu fyrir bestu. Nýleg könnun, frá árinu 2001, staðfestir að eftirlit barnaverndarnefnda með börnum í fóstur, er engan veginn nógu markvisst og það heyrir til undantekninga að rætt sé við fósturbörnin sjálf.

### **Fjölskyldumálefni**

#### **(i) Misnotkun og vanræksla á börnum (19. grein)**

Á Íslandi hefur ekki verið gerð könnun á umfangi heimilisofbeldis gagnvart börnum. Ég hef ítrekað bent á þörf fyrir slíka rannsókn, öðruvísi sé ekki unnt að taka á þessu alvarlega máli á raunhæfan hátt. Ennfremur hef ég mælt til þess að sett verði afdráttarlaust ákvæði inn í barnalögum (sem fjalla fyrst og fremst um samskipti barns og foreldris), sem banni foreldrum að beita barn sitt líkamlegu ofbeldi og hverskonar annarri vanvirðandi framkomu, sbr. löggjöf hinna Norðurlandanna. Ekki hefur verið fallist á nauðsyn þessa og því til rökstuðnings hefur m.a. verið vísað til ákvæðis, sem er að finna í barnaverndarlögum (sem fjalla fyrst og fremst um samskipti barns og hins opinbera) þar sem segir orðrétt, að hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skuli sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Mín skoðun er sú, að til að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar verði að koma fram í barnalögum afdráttarlaust bann við líkamlegu ofbeldi foreldra gagnvart börnum sínum, sem og hvers konar annarri vanvirðingu.

### **Borgaraleg réttindi**

#### **(h) Réttur til að þurfa ekki að þola pyndingar ... (37.gr.a)**

**182.-188.**

Allt frá árinu 1997 hef ég í umræðu um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum minnt á að börn eru sjálfstæðir einstaklingar, sem njóta eiga réttinda samkvæmt ákvæðum mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálum (m.a. 37.gr. BSSþ), eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Ég hef ítrekað bent á að þvingunarráðstafanir og agaviðurlög á meðferðarheimilum fyrir börn og ungmenni þurfi að styðjast við skýra heimild í lögum. Þannig þurfi nákvæmlega að skilgreina hver megi beita slíkum ráðstöfunum, við hvaða aðstæður, og hvert barn geti kært ákvörðun um, að grípa til slíkra ráðstafana eða viðurlaga.

Í nýjum barnaverndarlögum nr. 80/2002 er að finna ákvæði í 82. gr. um réttarstöðu barns sem dvelur á meðferðarheimili á vegum barnaverndaryfirvalda. Þar segir m.a. að óheimilt sé að beita innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Ennfremur segir, að óheimilt sé að hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Mín skoðun er sú að kveða verði á nákvæman hátt, í lögum um réttarstöðu barna við þessar aðstæður þar eð ég tel það öldungis ófullnægjandi - og bjóða hættunni heim - að kveða á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í reglugerð, sem sett er af framkvæmdavaldinu. Ég tel hugsanlegt að slíkt geti verið í andstöðu við 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, þar sem segir m.a.

engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Til samanburðar má geta þess að ástæða hefur þótt til af lögjafans hálfu að hafa ítarleg ákvæði, í lögum, um réttarstöðu fanga, dæmdra afbrotamanna, sem sæta skulu takmörkunum á réttindum sínum, þ.e. vegna beitingu þvingunarráðstafana eða agaviðurlaga, innan fangelsisveggjanna.

Í 7. og 8. gr. laga nr. 80/2002 er fjallað um hlutverk Barnaverndarstofu. Þar segir m.a. að Barnaverndarstofa skuli annast ráðgjöf og fræðslu fyrir barnaverndarnefndir í landinu, en jafnframt að stofan skuli sjá um eftirlit með nefndunum og störfum þeirra.

Ég hef ítrekað bent á að ekki fari saman að hafa á sömu hendi ráðgjöf og eftirlit. Nauðsynlegt sé að taka eftirlitsþáttinn í barnaverndarstarfi til endurskoðunar á öllum sviðum og gera hann öflugri og markvissari. Reglulega berast embætti mínu kvartanir og ábendingar þess efnis að óviðeigandi sé, að sama stofnun skuli koma að barnaverndarmálum, fyrst með leiðbeiningum og ráðgjöf til barnaverndarnefnda og síðan, sem eftirlitsaðili með starfi sömu nefndar. Þessi vinnubrögð þykja ýmsum, sem eiga samskipti við barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofu, af einu eða öðru tilefni, í hæsta máta óeðlilegt og telja það stefna réttaröryggi barna í hættu, þegar sama starfsfólkið kemur að málum, fyrst með ráðgjöf og er síðan ætlað að hafa eftirlit með nefndunum þar sem reynt getur á gildi ráðgjafar. Við aðstæður sem þessar hljóti að vera erfitt að horfa hlutlægt á málavöxtu.

#### IV.

##### Almennar meginreglur

##### (a) Jafnræðisregla 82. grein

Eitt af þeim verkefnum sem ég ákvað að leggja áherslu á þegar ég tók við embætti umboðsmanns barna var að beita mér fyrir eflingu slysavarna barna og bættu öryggi þeirra, almennt séð. Slysatíðni meðal barna á Íslandi hefur verið talsvert hærrí en í nágrannalöndum okkar og því brýn þörf á úrbótum í þessum málaflokki. Ýmislegt hefur áunnist í þeim efnum fyrir áeggjan embættisins.

Á umliðnum árum hef ég þó ítrekað kallað eftir lágmarksreglum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi öryggi barna, sem ferðast þurfa, daglega, á milli skóla og heimilis með misgóðum skólabílum. Ég hef enn ekki haft árangur sem erfiði þótt nokkuð hafi ástandið batnað. Sama er að segja um tilmæli mín um lágmarksreglur til verndar almennu öryggi unglunga, sem vinna á sumrin í vinnuskólum sveitarfélaga, og þeirra barna sem sækja sumarleikjanámskeið á vegum sveitarfélaga. Ég tel rétt að taka fram að í höfuðborginni, Reykjavík, hefur verið unnið mjög gott og ötult starf í þágu öryggis barna við framangreindar aðstæður. Hins vegar er það landsbyggðin sem er áhyggjuefni. Í lögfræðilegri álitserð minni til Sambands íslenskra sveitarfélaga vísa ég m.a. til jafnræðisreglunnar sem kemur fram í 2.gr. BSSÞ, þ.e. jafnræði barna, til að njóta öryggis og velferðar á þessum sviðum, óháð búsetu. Sambandið hefur lýst sig andvígt samræmdum lágmarksreglum á landsvísu með vísan til sjálfsákvörðunarréttar hvers sveitarfélags.

Meðal annars með skírskotun til 2. gr. BSSÞ er það mér sérstakt fagnaðarefni að Alþingi hafi á árinu 2001 tekið undir og samþykkt eitt af mínum fyrstu baráttumálum þ.e. að mótuð yrði opinber heildarstefna í málefnum barna og unglunga og á grundvelli hennar verði gerð framkvæmdaáætlun til nokkurra ára. Vinna við þetta verkefni er eftir því sem best er vitað í fullum gangi og er von mín er sú að afrakstur þeirrar vinnu verði ljós á þessu ári. Ég tel að velferð umbjóðenda minna, fjölmennasta aldurshópsins í íslensku samfélagi, verði best borgið, ef fyrir liggja skýr opinber heildarstefna í málefnum barna á öllum sviðum samfélagsins og henni fylgi markviss áætlun um samræmdar aðgerðir, ríkis og sveitarfélaga, í þeirra þágu. Handahófskenndar ákvarðanir í þessum efnum eru of dýru verði keyptar.

Hér að framan hefur verið tæpt á nokkrum atriðum sem ég hef talið nauðsynlegt að koma á framfæri við Barnaréttarnefndina. Von mín er sú að þær athugasemdir sem ég hef fram að færa komi að gagni við störf nefndarinnar. Ef eitthvað er óljóst eða þarfnast frekari skýringa þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða í gegnum tölvupóst, en netfangið er [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)